



**Ávarp forseta Íslands
Guðna Th. Jóhannessonar
á hátíðarsamkomu í félagsheimilinu Kirkjuhvöli**

**Kirkjubæjarklaustri
2. júní 2022**

Sveitarstjóri Skaftárhrepps,
skólastjóri Kirkjubæjarskóla,
aðrir góðir gestir

Ég þakka þann heiður að mega ávarpa ykkur á þessari hátíðarsamkomu. Ég þakka alla þá velvild og gestrisni sem mér hefur sýnd í för minni um hreppinn. Ég færi ykkur öllum hlýjar kveðjur Elizú konu minnar. Hún hefði viljað vera hér með ykkur en varð að þiggja boð um að sækja mikla bókmenntahátíð í Heidelberg í Þýskalandi um þessar mundir.

Bækur og menning, vel á minnst. Á sinn hátt er kannski við hæfi að ég biðjist hér afsökunar. Svo bar til fyrir nær fjórum öldum, árið 1641, að öll skjöl Kirkjubæjarklausturs voru send suður til Bessastaða. Þar hafði lénsmaður Danakonungs sitt aðsetur í þann tíð og þar skyldu klaustursgögnin afrituð, til öryggis. Það fór á annan veg. Skjölin komu ekki þaðan aftur og eru núna öll glötuð, utan þrjú.

Svona getur farið um heimildir okkar um liðna tíð. Og hér er annað dæmi, eins nærtækt. Seint á átjándu öld fékk maður nokkur á þessum slóðum handrit að ævisögu lánað, en með því skýra skilyrði að hann brenndi það að lestri loknum. Guði sé lof að hann gerði það ekki. Þær vanefndir réðu því nefnilega að við getum nú notið frásagnar Jóns Steingrímssonar eldklerks af ævi sinni og störfum, að ekki sé minnst á lýsingar hans af Skaftáreldum. Þá rann mesta hraun sem upp hefur komið úr jörðu á sögulegum tímum.

Eða hefði kannski verið betra að skrif klerksins hefðu hafnað í glatkistunni? Aftur bið ég ykkur afsökunar, ágætu áheyrendur, og freistast til að fara með vammir og skammir Jóns Steingrímssonar um sóknarbörn sín á þessum slóðum. Prestur skrifaði svo:

En hvílíkt stjórnarleysi, andvara- og iðrunarleysi hér í Vestri-Skaftafellssýslu var um þann tíma, sérdeilis í þessu Kirkjubæjar- eður Kleifarþinglagi, hjá allmörgum, er sorglegra til frásagnar, en ég geti þar orðum eytt að. Hér lifðu menn í sælgæti matar og drykkjar, sumir orðnir svo matvandir, einkanlegast þjónustufólk, húsgangslýður og letingjar, að ei vildu nema þá allra beztu og krydduðu fæðu, drykkjuskapur og tóbakssvall fór að sama lagi, að á einu ári upp gekk hér í gildi, heimboð og þess kyns brennivín upp á 4000 fiska.

Söguna verður að segja eins og hún kemur okkur fyrir sjónir. Því miður eigum við líka til frásagnir úr þessum landshluta og öðrum af miklu harðræði, jafnvel svo að fólki blöskraði og brugðist var við. Um leið megum við fagna því að nú er öldin önnur. Sveitarómagar heyra fortíðinni til.

Ágætu íbúar Skaftárhrepps! Í dag hef ég notið þess að ferðast um byggðarlag ykkar. Áðan nefndi ég gestrisnina en nú bæti ég við sóknarhug og sóknarfærum. Hvors tveggja gætir hér í ríkum mæli, það fann ég svo sannarlega á málstofu um þau efni í Kirkjubæjarstofu. Vissulega er hún fámenn, sveitin. En ekki er hún eins afskekkt og fyrr og tæknin styttir leiðir – sjáið bara hana Agnesi „fjarlækni“ á heilsugæslustöðinni. Nú hafa vötnin líka verið brúuð og gígarnir, sem ollu svo miklum óskunda á sínum tíma, laða til sín ferðalanga. Sama gildir um gljúfrin – spyrjið bara Justin Bieber.

Já, náttúran er aðdráttarafl í öllu sínu veldi, undirstaða ferðaþjónustu sem skipar veigamikinn sess í atvinnulífinu hér. Þá njótum við Íslendingar góðs af því að fólk að utan vill vinna í þeim geira og skjóta rötum með okkur ef svo ber undir.

Áfram má einnig stunda landbúnað – næg eru landgæðin – og fiskeldi lofar góðu, það lærði ég fyrr í dag. Þar nýtum við nútímataekni sem forfeður okkar og formæður gátu ekki séð fyrir. Landeldið var annað áður fyrr. Þá gerðist það víst gjarnan eftir foráttuveður að fólk gat farið niður á sandfjörurnar og týnt upp fiska sem skolað hafði á land – en hafa þurfti snör handtök svo að fuglinn og vargurinn yrði ekki fyrri til.

Lengi hafa þau þótt gjöful fiskimiðin úti fyrir strandlengjunni á þessum slóðum. Um það bera fjölmörg skipsflök sterkt vitni og oft var það svo að togað var alveg upp við landsteina. Nú stenst ég því ekki mátið og leyfi ykkur að hlýða á brot úr kafla bókar sem ég hef verið með í smíðum um landhelgismál og þorskastríð. Æsilegur hluti sögunnar hefst laust undan Skaftárósi, laugardaginn 27. apríl 1963:

Um fimmleytið að morgni er Milwood frá Aberdeen að toga við Skarðsfjöru, laust undan Skaftárósi. *Skeidar Deeps near the Hoof*, kalla Bretar þessi mið. Þau hafa lengið verið í uppáhaldi hjá skoskum togaraskipstjórum. Eftir landhelgissamninginn rúmum tveimur árum fyrir er toglóðin nánast á sex mílna mörkunum sem veiða má upp að til vors 1964. Þarna þarf því að leika línudans – og hafa augun opin fyrir varðskipi á sveimi.

John Smith er í brúnni á skipi sínu. Milwood er nýlegur díseltogari, smíðaður í Gateshead á Englandi árið 1960 fyrir Burwood Fishing Company. Smith hefur verið með hann frá upphafi. Hann er ein þekktasta aflaklóiin í Aberdeen, 54 ára gamall og búinn að vera skipstjóri á togurum frá því að hann náði tvítugsaldri, að stríðsárunum frátöldum. Þá stýrði hann flotadeild með á annan tug tundurduflaslæðara, heiðraður fyrir vasklega framgöngu. Smith er hörkutól en alls ekki kunnur að ruddaskap. Hann er bindindismaður á tóbak og vín og hefur sér til dægrastyttingar að leysa krossgátur bresku blaðanna hraðar en aðrir.

Það er farið að síga á seinni hlutann á þessari sjómannsævi. Smith sér fyrir sér að láta senn gott heita, þó ekki væri nema vegna nýju landhelginnar við Ísland og umhverfis Færeyjar. Honum finnst þrengt að heiðarlegum mönnum og sjálfsögðum rétti þeirra að sækja björg í bú á opnu hafi. ...

Í maí 1961 hafði Smith ... komist í hann krappan á Íslandsmiðum. Þórarinn Björnsson [skipstjóri á Þór] kom að honum á Milwood undan Geirfuglaskeri en fannst staðarákvörðun ekki nægilega örugg og lét því ekki til skarar skríða. Í minni skoska skipstjórans greyptist hins vegar að skipherrann hefði heitið því að klófesta hann næst þegar til hans næðist.

Nú hefur úthaldið varað í fimm daga. Þeir á Milwood eru komnir með þokkalegan afla út af Skaftárósi þegar komið er fram á þennan laugardagsmorgun. Það er þoka á miðunum, rigningarsuddi. En allt í einu glyttir í þann gráa.

Kæru áheyrendur: Í hönd fór ein mesta eftirför í sögu Landhelgisgæslu Íslands. En nú fer ég senn að ljúka máli mínu. Bókin, sem ég leyfði mér að vitna í, kemur út 1. september á þessu ári. Þá verður hálf öld liðin frá því að fiskveiðilögsaga okkar var færð út í 50 sjómílur. Í dag fögnum við einnig öðru 50 ára afmæli, að vísu aðeins á eftir áætlun en því olli heimsfaraldurinn skæði. Það var haustið 1971 að Kirkjubæjarskóli tók til starfa og óska ég öllum sem þar hafa gengið um ganga, nemendum og starfslíði, hjartanlega til hamingju á merkum tímamótum.

Menntun er svo mikilvæg, forsenda farsældar og framfara. Það hefur fólk hér löngum vitað. „Þar er talað best mál á landinu,“ sagði Jóhannes Kjarval um íbúa Skaftafellssýslna og um það gæti ég líka vitnað eftir heimsókn mína á Klausturhóla, dvalarheimilið góða.

Og mikið var gaman að heimsækja Kirkjubæjarskóla, afmælisbarnið sjálft ef svo má að orði komast, að ógleymdum Kærabæ. Ungviðið tók vel á móti mér, það má með sanni segja. Sú var líka raunin þegar forseti kom hér síðast í opinbera heimsókn. Það var vorið 1998 þegar Ólafur Ragnar Grímsson kom hingað með Guðrúnu Katrínu Þorbergsdóttur. Þau hjón nutu sömu velvildar og ég hef upplifað í dag. Guðrún Katrín var þá orðin veik af því meini sem varð henni að aldurtila síðar sama ár, langt fyrir aldur fram, en var glæsileg sem endranær. Hér eystra þótti henni sérlega vænt um að líta við í Hrífunesi, í barnæsku var hún sex sumur í sveit þar. Þau voru ljúf. Meira að segja ferðir yfir beljandi fljót í gömlum kláfi þóttu bara spennandi og handofin teppi og rúmföt voru forsetafrúnni í fersku minni.

Já, fyrir nær aldarfjórðungi tóku ungmenni á móti forsetahjónunum, færðu þeim gjafir og fóru með ljóð. Nú fæ ég eins hlýjar móttökur og ítreka góðar kveðjur Elizú minnar. Nú er ný æska komin fram á sjónarsviðið. Svona líður tíminn áfram. Kynslóðir koma og kynslóðir fara. Eftir stendur alltaf að við búum í fallegu landi og höfum skapað okkur gott samfélag þótt ætíð megi gera enn betur.

Megi ykkur ganga allt að sólu, eins og Vigdís Finnbogadóttir segir alltaf svo fallega.